Fréttabréf

Rannsóknastofu í kvennafræðum

Háskóli Íslands

Haust 1997

Fréttabréf

Rannsóknastofu í kvennafræðum

Rannsóknastofa í kvennafræðum hefur nú lítillega breytt fréttabréfi sínu og verða framvegis birtar greinar um kvenna- og kynferðisrannsóknir í fréttabréfinu. Auk þess verða birtir ritdómar um nýútkomnar bækur og viðtöl við fræðimenn á sviði kvennafræða. Ýmsar fréttir um Rannsóknastofuna og kvennafræði auk upplýsinga um ráðstefnur og fyrirlestra verður einnig að finna í fréttabréfinu.

Í þessu hefti birtist rabb Ingólfs Gíslasonar, félagsfræðings hjá Skrifstofu jafnréttismála, sem hann hélt um karlafræði á vormisseri 1997 á vegum Rannsóknastofunnar. Síðan kemur viðtal við Önnudísi G. Rúdólfsdóttur, en hún er styrkþegi Rannís með aðstöðu hjá Rannsóknastofu í kvennafræðum og hefur nýlega varið doktorsritgerð sína við London School of Economics and Political Science. Í viðtalinu segir Annadís frá rannsóknum sínum, en hún er nú að vinna að rannsókn um sjálfsmynd ungra mæðra.

Fjórir ritdómar og umsagnir um bækur eru í blaðinu. Erla Hulda Halldórsdóttir, sagnfræðingur, ritar um bókina *Konur og kristmenn* í ritstjórn Ingu Huldar Hákonardóttur. Garðar Baldvinsson, bókmenntafræðingur, ritdæmir bók Dagnýjar Kristjánsdóttur, *Kona verður til* og Elfa Ýr Gylfadóttir, bókmennta- og fjölmiðlafræðingur skrifar um bók Helgu Kress, *Fyrir dyrum fóstru*. Enn fremur fjallar Elfa stuttlega um ráðstefnuritið *Litteratur og kjønn i Norden*.

Elfa Ýr Gylfadóttir

Kveður lítt að körlum?

Ég las í einhverri bók um karlafræði ágæt varnaðarorð varðandi umræður og skrif um þessi málefni, karla og karlmennsku. Höfundur sagði að seint yrði of varlega farið í þeim málum því það væri svo auðvelt að gera það vitlaust og enda með að hafa þveröfug áhrif við það sem til stóð. Hann líkti þessu við að reyna að klippa á sér hárið með illa smurðri sláttuvél. En þrátt fyrir þessi varnaðarorð skulum við nú láta slag standa.

1. Tilraunirnar þrjár

Ekki hefur í raun farið ýkja mikið fyrir rannsóknum á körlum sem körlum, kynverum, það sem af er. Yfirleitt hefur verið litið á karla sem normið, það eðlilega sem hægt væri að ganga útfrá þegar farið væri að skoða frávikin, sem þá hafa gjarnan verið konurnar. Og það er að mörgu leyti skemmtileg lesning í karlafræðum þegar menn þykjast sjá að á sumum sviðum mannlegrar tilveru séu það konurnar eða kvenleikinn sem sé normið og karlar upplifi sjálfa sig og séu álitnir frávikin. Þetta gildir t.d. í umönnunar- og uppeldisstörfum og ef til vill líka inni á heimilunum.

Á þessari öld má greina þrjár megintilraunir til að skýra og skilja karla sem kynverur. Í fyrsta lagi hefur þá verið um að ræða þau vísindi sem þerapistar hafa lagt fram og byggja á þekkingu sem þeir hafa öðlast við klíníska meðferð. Meginhugmyndirnar þaðan eru fengnar frá Freud, þó svo Jung, Adler, Reich og Frankfurtarskólinn hafi líka lagt verulega af mörkum. Það sem við fengum fyrst og fremst þaðan var til að byrja með að Freud var ófeiminn við að setja spurningarmerki við nokkurn veginn allt sem evrópsk menning hafði gengið að sem vísu varðandi kynin. Sporgöngumenn hans, sumir hverjir, bentu á tengsl karlmennsku og þess ofbeldis sem tröllreið Evrópu framan af öldinni. Og tvö af frægustu sálfræðiverkum Frankfurtarskólans, bók Erichs Fromm, *Óttinn við frelsið*, og síðan *The Authoritarian Personality*, eru í raun katalógar yfir karlmennsku og hennar mismunandi form. Margt verulega gott innsæi hefur komið með þessari nálgun og nú hin síðari ár hefur það ef til vill verið Nancy Chodorow sem einna mest hefur lagt af mörkum. Gallarnir við hefðbundna sálfræði eru á hinn bóginn fyrst og fremst skortur á næmni gagnvart félagslegum þáttum sem stýra því hvaða möguleikar bjóðast og í hvaða farveg hin félagslega kyngerð leitar.

Í öðru lagi er um að ræða hugmyndir sem eiga rætur í félagssálfræði og byggja helst á feikivinsælum hugmyndum um „hlutverk", í þessu tilfelli „kynhlutverk" eða „karlhlutverk." Einn af kostunum við þessa nálgun er sjálf líkingin, „hlutverk." Leikarar eru í einu hlutverki í dag og öðru á morgun þannig að ef karlmennskan er hlutverk þá er unnt að bregða sér í annað hlutverk. En þrátt fyrir þetta eru gallarnir við nálgunina miklu fleiri. Í fyrsta lagi standa hlutverkakenningar á mjög veikum fræðilegum grunni, skilgreiningar eru óljósar og sífellt að breytast. Þar að auki eiga hlutverkakenningar mjög erfitt með að taka inn á sig hugmyndir um mismunandi völd og kúgun, og þar af leiðandi er mjög erfitt að nýta þær eitthvað við greiningu samfélagsins.

Í þriðja lagi má svo setja sama nýlega þróun í mannfræði, sagnfræði og félagsfræði og um það ætla ég að segja hér nokkur orð.

2. Nýja þróunin

Félagsfræðin sérstaklega er eitt greinilegasta uppgjörið eða afneitun hlutverkahugmyndarinnar hvað varðar karla. Á síðustu tíu til fimmtán árum hafa rannsóknir á sviðinu margfaldast og í smíðum er nýtt fræðilegt tungutak. Það er vandséð nokkuð sameiginlegt viðmið (paradigm) í þessum fræðum enn sem komið er, en nokkur sameiginleg þemu eru þó ljós: Bygging (construction) karlmennsku í hversdagslífinu; mikilvægi efnahagslegra og samfélagslegra formgerða; mikilvægi mismunandi karlmennsku og sveigjanlegt eðli félagslegs kyns (gender).

Hvað fyrsta atriðið varðar er það mikilvægt þema nútíma rannsókna á félagslegu kyni að slíkt sé ekki sjálfgefið í félagslegum samskiptum heldur verði þvert á móti til í félagslegum samskiptum. Þannig eru menn vissulega að skoða félagslegt kyn í samfélagslegu formi eins og hlutverkahugmyndin gerði. En frekar en að ganga að henni sem vísu normi sem menn taka síðan inn á sig þá er nú rannsakað hvernig félagslegt kyn verður til, er endurskoðað og breytist í stöðugum samningaviðræðum allra félagslegra samskipta. Þannig hafa til dæmis Richard Gruneau og David Whitson sýnt í bók sinni *Hockey Night in Canada* hvernig fyrirtæki og stjórnmálamenn sköpuðu hinn herskáa karlmennskuheim ísknattleiksins.

Innan íþróttanna birtast okkur líka hinar efnahagslegu og samfélagslegu formgerðir og hagsmunir. Margir innan karlafræðanna og meðal karlaaktífista hafa viljað leggja áherslu á mikilvægi íþróttanna sem einhvers konar karlaritúals, sem aðferðar fyrir drengi til að verða að mönnum, læra réttlæti og „fair-play". En spurningin er hvort þetta sé ekki að mörgu leyti fegruð mynd. Það má ekki horfa fram hjá því hlutverki íþróttanna að kenna mönnum þann aga sem síðan á að nýtast á vinnumarkaðnum. Og það má ekki heldur líta fram hjá þeim þætti íþróttanna að kenna mönnum að reyna á skrokk sinn til hins ýtrasta. Karlar brenndu í bókstaflegri merkingu upp skrokkana á sér í vinnunni hér áður fyrr og gera að sumu leyti ennþá. Og slík áreynsla var eitt af því sem mönnum lærðist í íþróttum. Og það má alveg gæla við þá hugmynd að aukin þátttaka kvenna í íþróttum sé tengd stóraukinni þátttöku þeirra á vinnumarkaðnum.

En þetta sama atriði kennir okkur líka hvernig mismunandi karlmennska verður til. Að karlmennska verkalýðsins er önnur en karlmennska miðstéttarinnar. Munur milli stétta og kynþátta er mikilvægur þáttur í að átta sig á að til er mismunandi karlmennska. En það er líka mikilvægt innsæi að átta sig á að svipað umhverfi getur skapað mjög ólíka karlmennsku. Þetta birtist til dæmis ágætlega í bók Paul Willis *Learning to Labour* sem er athugun á drengjum í skóla í verkamannahverfi í Bretlandi. Þar skapa „röff" strákarnir karlmennsku sína í andstöðu við þau gildi sem skólanum ber að miðla og þessi andstöðukarlmennska leiðir þá beint á verksmiðjugólfið. Hins vegar eru svo þeir strákar sem gangast undir okið og skapa sína karlmennsku sem akademíska samkeppni. Og það er áhugavert að athuganir í yfirstéttarskóla í Ástralíu, og raunar fleiri skólaathuganir, hafa leitt til svipaðrar niðurstöðu, þ.e.a.s. að til verði tvenns konar karlmennskuhópar þótt bakgrunnur nemenda og innihald kennslunnar sé hið sama.

En þessar niðurstöður ásamt innsæi frá sálgreiningu og hugmyndum úr frelsisbaráttu homma leiddu til þess að menn fóru að velta fyrir sér tengslunum milli ólíkra karlmennskuheima. Og þá fóru menn að tala um „hegemoníska" karlmennsku. Að innan karlmennskunnar séu tengsl samvinnu, drottnunar og undirgefni. Innan karlmennskunnar finnum við aftur þá kynjapólitík sem femínistar höfðu áður bent á varðandi samskipti karla og kvenna. Eða með

öðrum orðum, drottnunin er ekki aðeins drottnun karla á konum heldur er einnig pýramídi innan karlmennskunnar.

Og allt þetta sýnir okkur að þau tengsl sem skapa karlmennskuna eru díalektísk. Það er enginn beinn og breiður vegur til hinnar einu, sönnu karlmennsku. Það var ekki ætlun skólans sem Willis rannsakaði að skapa þá karlmennsku sem sendi karla í verksmiðjurnar. Þvert á móti, sú karlmennska varð til í beinni andstöðu við norm skólans. Og á sama hátt geta þeir sem lítinn áhuga hafa á sporti fundið aðrar leiðir til að ná virðingarsæti. Fyrir okkur sem leiddist og höfðum hálfgerða andstyggð á íþróttaiðkun var sú leið að taka yfir skólablaðið, málfundafélagið eða eitthvað slíkt og öðlast þannig vissan sess. Þannig er það ekki sjálfgefið hvað leiðir til drottnunarstöðu. Það, eins og annað, er háð félagslegum tengslum.

Einhver fróðlegasta rannsókn þessa atriðis er bók eftir Alan Klein *Little Big Men,* sem er athugun á þátttöku í líkamsræktarstöð. Sumir vaxtarræktarmannanna höfðu illa efni á að stunda þessa stöð og seldu miðstéttarhommum afnot af skrokknum á sér. Mótsögnin er hins vegar sú að menning vaxtarræktarinnar er hómófóbisk, menn hata og fyrirlíta homma sem ógnun við allt sem heitir karlmennska. Þannig að þeir vaxtarræktarkarlar sem vinna sem portkarlar verða að leita uppi leiðir til að endurtúlka það sem þeir eru að gera og afneita þátttöku sinni í hómósexúel kynmökum.

En þrátt fyrir áhersluna á fjölbreytileika karlmennskunnar og innri mótsagnir þá eru fáir sem efast um að félagsleg bygging eða mótun karlmennskunnar sé kerfisbundin þróun og nokkrir hafa reyndar lagt í að reyna að byggja almenna kenningu um málið. Þar er trúlega metnaðarfyllst bók Jeff Hearn*The Gender of Oppression*. Í henni reynir hann að yfirfæra marxískar hugmyndir á feðraveldið, m.a. með athugun á því hvernig karlar arðræni konur hvað varðar efnisleg gæði og þó enn frekar varðandi manngildi, eða það sem hann kallar „human value."

Á svipuðu róli er Victor Seidler í *Rediscovering Masculinity* þar sem hann skoðar hversdagslífið og menninguna. Hann leggur þar höfuðáherslu á mikilvægi tilfinningastjórnunar og afneitun kynferðis í því að byggja upp karlmennskuna. Og þetta tengir hann síðan hyllingu rökhyggjunnar í vestrænu menningar- og menntalífi.

Allt er þetta svo sem á byrjunarstigi en áherslan er sem

sagt á að karlmennska verður ekki skilin nema í tengslum við hinar stóru samfélagslegu formgerðir og ferli. Hin nýja félagsfræði karlmennskunnar hefur þannig ekki enn séð mikið af nauðhyggjuverkum. Frekar má segja að þar sé verið að skoða mismunandi karlmennskuviðfangsefni, við hvaða kringumstæður þau verða til og hvaða kringumstæður þau skapa.

3. Kreppan og lausnirnar

Félagslegt kyn (gender) varð fyrst að sögulegri vídd sem eitthvað sem sneri að konum. Þetta tengist eðlilega því að mennta- og menningarheimurinn var karla, mótaður af hugmyndum feðraveldisins um karla sem normið, hið eðlilega ástand. Jafnframt tengist þetta að sjálfsögðu fjöldahreyfingum kvenna fyrir réttindum, eignarétti, kosningarétti, jafnlaunarétti. Það er ekki fyrr en miklu síðar sem það tekur að síast inn í umræðuna að karlar og karlmennska séu líka samfélagslega mótaðir og gerðir. En það er komið núna og ég er nokkuð viss um að það er komið til að vera.

Og það er komið til vera fyrst og fremst vegna almennrar meðvitundar um að kyn er félagsleg afurð. Meira að segja þeir sem telja að of langt hafi verið gengið, karlar hafi glatað karlmennskunni og þurfi að endurheimta hana eða eitthvað slíkt, segja með þessu að karlmennskan sé félagsleg afurð og þar af leiðandi háð félagslegum aðstæðum, félagslegum breytingum. Þess vegna skiptir það svo miklu að karlar ræða nú karlmennsku, ræða um sjálfa sig sem félagslegar kynverur. Á því hvílir efasemd þeirra um hegðun eigin feðra, ekki sem fordæming á viðkomandi einstaklingum heldur sem undrun yfir því hversu grátt hið félagslega umhverfi gat leikið þá.

Ég held nefnilega að ekki verði aftur snúið varðandi þetta. Og ástæða þess að ekki verður aftur snúið er að karlmennska hefur verið viðurkennd sem félagsleg afurð. Ekki lengur sjálfgefin, óumbreytanleg, guðleg. Félagsleg afurð, háð félagslegum breytingum og félagslegum réttlætingum. Þetta er álíka og þegar menn orðuðu þá hugsun að guð væri dauður. Á eftir var ekkert eins. Ekki þar með sagt að allir hafi kastað guði eða fallist á dánartilkynninguna. En guð var ekki lengur sjálfgefinn, hann krafðist réttlætingar. Ég held að það sama gildi um karlmennskuna.

Og á þessu meðal annars hvílir sú hugmynd að „kyngerð" (gender structure) vestrænna samfélaga sé í kreppu, fyrst og fremst lögmætis-

kreppu. Það er æ erfiðara að halda uppi vörnum fyrir lögmæti þess kerfis að karlar séu einir í öllum valda- og áhrifastöðum. Það er æ erfiðara að halda uppi vörnum fyrir hugmyndina um eðlileg yfirráð karla innan og utan heimilis. Og þó svo maður vildi vissulega sjá mun meira gert þá hefur ríkisvaldið víða verið knúið til að viðurkenna kynbundið ofbeldi sem vandamál og grípa til aðgerða til að andæfa því. Einnig það grefur undan lögmæti kyngerðar samfélags okkar.

Með þessu er ég ekki að segja að björninn sé unninn. Að við getum nú hallað okkur aftur í stólnum og beðið eftir því að viðhorfsbreytingin fræga lagi allt það óréttlæti sem viðgengst í samskiptum kynjanna. Alls ekki. Við getum auðveldlega fengið bakslag. Það er alveg óhætt að hafa það í huga að sú hreyfing karla í Bandaríkjunum sem sópar að sér mestu fylgi og kallar flesta karla út á göturnar er trúarleg hreyfing sem hvetur karla til að sækja aftur sitt „eðlilega" sæti í húsbóndastól heimilisins. Það er lögð áhersla á að karlar eigi ekki að setjast í þetta sæti sem kúgarar heldur sem leiðbeinendur. Þeirra guðlega hlutverk sé að leiða fjölskylduna og síðan að sjálfsögðu einnig samfélagið. Þetta gengur mun betur en aðrar hreyfingar karla. Ekki þar með sagt að einhver ástæða sé til óttast þessa hreyfingu. En samt segir hún okkur að vísa verður frá þeim bjartsýnismönnum sem telja að það komi af sjálfu sér að „hið góða" sigri.

Það hvílir hins vegar á pólitískum aðgerðum hversu langt er unnt að fara með þessa vitund um sögulegt eðli kynsins. Hvort þessi lögmætiskreppa feðraveldisins leiðir til einhverra varanlegra breytinga á formgerðum kynja eða hvort enn þarf að bíða. Og þennan tíma sem ég á eftir ætla ég að nota til að skissa lauslega hugmyndir um kreppuna og kreppulausnirnar. Og þar er ég með fimm grófa punkta:

1. Í fyrsta lagi er breikkun á hlutverkamöguleikum kvenna eitt af megineinkennum samfélagslegrar þróunar síðustu áratugi. Ég held ekki að ég þurfi að vera langorður um það, menn sjá þetta strax með því að líta í blöð tíu, tuttugu eða þrjátíu ár aftur í tímann. Og tölfræðin segir okkur þetta líka hvort heldur við lítum á atvinnuþátttöku, þátttöku í stjórnmálum, menntun, tómstundir, möguleika á að velja fjölskyldugerð og kynhegðun.

2. Samsvarandi breikkun hefur ekki, eða í mun minna mæli, orðið hjá

körlum. Vissulega sjást ákveðnar breytingar en þær eru miklu skemur á veg komnar og þarf ef til vill ekki að undra. Breikkunin sést t.d. í auglýsingum þar sem karlar hafa breyst frá því að vera fyrst og fremst hin örugga fyrirvinna í að verða kyntákn. Karlar í auglýsingum eru í auknum mæli að verða neysluvarningur rétt eins og konur hafa verið. Í öðru lagi sér maður aðeins votta fyrir breytingu varðandi kynhegðun. Hin þvingaða gagnkynhegðun er ekki lengur jafn drottnandi og hún var. Það er hugsanlegt að vera opinber starfsmaður á daginn og „drag"-drottning á kvöldin. Að vera hommi felur ekki lengur í sér það sama og áður þegar karlar hrökktust úr landi vegna þeirrar kynhneigðar. Alþingi Íslendinga hefur fallist á sambúð fólks af sama kyni sem hefði verið óhugsandi fyrir nokkrum árum. Og hér um daginn horfði ég í sjónvarpinu á veitingu verðlauna fyrir bestu íslensku tónlistarmyndböndin á síðasta ári. Meðal verðlaunahafa var myndband sem lýsti á mjög einlægan og fallegan hátt ástarsambandi karla.

En þegar kemur að öðrum þáttum lífsins verður mun síður vart við breytingar og það jafnvel þannig að virðuleg tímarit (eins og *The Economist*) birta greinaflokka þar sem því er í fullri alvöru haldið fram að karlar séu að tapa þessu öllu út úr höndunum á sér, menntun, pólitík og atvinnumöguleikum.

En er þá eitthvað að gerast varðandi breikkun á hlutverkum karla? Ég held það, já, en það gerist hægt og án þess að ráðandi öfl samfélagsins geri mikið til að styrkja þá þróun. En mér virðist bæði af viðtölum sem ég hef átt við unga íslenska karla og einnig af því sem ég hef séð af rannsóknum á Norðurlöndunum að þátttaka karla í heimilisstörfum hafi verulega breyst sem og hlutur þeirra í uppeldi og umönnun barna sinna.

Jafn ljóst virðist mér vera að enn er það svo að hin endanlega ábyrgð á rekstri heimilisins, skipulag vinnunnar og ábyrgðin á félagslegum samskiptum, sérstaklega við stórfjölskylduna, sé konunnar. Hvort það stafar frekar af ábyrgðarleysi karla eða vilja konunnar til að hafa þó þennan þátt tilverunnar í hendi sér er í mínum huga opin spurning. En það ber líka að hafa í huga að þegar rætt er t.d. við þær konur á Norðurlöndum sem eiga karla sem hafa tekið fæðingarorlof, þá lýsa þær margar vonbrigðum með það. Ekki vegna barnsins, það virðist ekkert að því ama, karlinn sinnir því vel. En þær áttu von á því að þær kæmu oftar heim í hreint og

fágað hús, ryksugað og skúrað. Og ég hugsa að þó þeir karlar sem ég hef verið að tala við segi skiptingu heimilisstarfanna nokkuð jafna þá vilji margar kvennanna að þeir sýni meira frumkvæði í heimilisrekstrinum.

Nú er maður innst inni alltaf örlítið smeykur um að þótt þær kenningar sem maður er með og þær rannsóknir sem maður les um og framkvæmir sjálfur virðist passa ágætlega þá sé þetta nú kannski ekki svona í raunveruleikanum. Þessar athugasemdir sem ég lét falla hérna um þátttöku í heimilisstörfum setti ég á blað í desember. Eftir áramótin fékk konan mín svo bréf frá sænskri vinkonu sinni. Og nú ætla ég án leyfis bréfritara að varpa hér upp litlum hluta þessa bréfs. Þessi kona er gift og á tvö börn, annað mjög ungt. Maðurinn hennar er nú heima í fæðingarorlofi. Og hér er kafli úr bréfinu í lauslegri þýðingu: „Honum líkar vel að vera í feðraleyfi en konunni hans þykir hann nokkuð sinnulaus, nema í föðurhlutverkinu. En í dag þreif hann allt húsið og heldur að þess vegna eigi han góða möguleika á rúmleikfimi. Og það er rétt hjá honum!" Mér virðist þetta staðfesta ágætlega margt af því sem maður hefur þóst sjá vera að gerast varðandi samskipti kynjanna.

3. Þá vaknar enn einu sinni spurningin um eðli og aðstæður. Er eitthvað í eðli karla sem gerir þá illa hæfa til heimilisstarfa og umönnunar barna? Eða er það eins og flest annað eitthvað sem félagslegar aðstæður kenna mönnum? Í mínum huga er þetta svo sem engin spurning en ég tek þetta upp vegna þess að í jafnréttisumræðu síðustu áratuga hefur manni á stundum þótt málum stillt upp þannig að hér væri í raun og veru um að ræða átök hins eðlislæga góða (kvenna) og hins eðlislæga illa (karla).

Og það þarf svo sem ekki að fara ýkja langt aftur til að flest illt og flest áhættuhegðun var karla. En það er breytt því konur hafa m.a. notað nýfengið frelsi til að taka upp áhættuhegðun karla. Fleiri konur en karlar reykja nú. Konur hafa stóraukið áfengisneyslu sína og nú fyrir stuttu var vakin athygli á því að þær eru mjög að auka hlut sinn meðal þeirra tjónavalda sem tryggingafélög eiga endurkröfurétt til, sem í flestum tilfellum þýðir ölvunarakstur. Fyrir fjórum árum var hlutur kvenna meðal þessara endurkröfuaðila 14% en á síðasta ári var hann kominn í 25%.

Að sjálfsögðu sér þessa víða stað. Til að mynda dregur nú heldur saman með körlum og konum hvað varðar lífslíkur. Ólifuð meðalævi

karla við fæðingu á árabilinu 1976-80 var 73,5 ár en kvenna 79,5 ár. Þar munaði 6 árum. Síðan hafa karlar bætt við sig þrem árum en konur 1,1, svo að nú munar 4,1.

Síðan verður náttúrlega að segja eins og er að stundum virðist manni sem sú gagnrýni sem beint er að kalmennsku falli í gryfju einhvers konar eðlishyggju. Karlar hafa verið gagnrýndir fyrir ofbeldi, vopnaburð, stríð og djöfulgang. Og það með réttu. Það er ómögulegt að afneita því að sögulega séð eru tengsl eru milli karlmennsku og ofbeldis. Í að mörgu leyti mjög athyglisverðri bók, *Fathering the Unthinkable*, hefur Brian Easlea rakið hvernig karlmennska, stjórnunarþörf og völd ófust saman í þeim vexti vísinda og tækni sem leiddi til kjarnorkusprengjunnar. En að stíga síðan skrefið frá þessu og til þess að líta á kjarnorkusprengjuna sem skilgetið afkvæmi karlmennsku er að horfa með öllu fram hjá þeim samfélagslegu þáttum sem gera ákveðna hlið karlmennsku að eyðileggjandi afli. Og þá er einnig horft fram hjá þeim samfélagslegu þáttum sem gefa ákveðinni gerð karlmennsku drottnandi stöðu meðan öðrum hliðum karlmennsku er ýtt út í kuldann. Og oft er einnig litið fram hjá þeim félagsþáttum sem skapa þessa tegund karlmennsku.

Hér heima virðist mér ég oft verða var við hugsun af þessari gerð. Að minnsta kosti tvisvar sinnum núna með stuttu millibili hef ég heyrt svipaða athugasemd þegar rætt hefur verið um karla á opinberum vettvangi og þá eitthvað þar sem talið er að halli á þá, annars vegar varðandi fæðingarorlof og hins vegar í sambandi við forsjá við skilnað. „Já en ráðið þið þessu ekki, af hverju breytiði þessu ekki bara?" Þá virðist manni að gengið sé út frá því að aðeins sé til ein karlmennska, allir karlar hafi sömu hagsmuni og allir hafi þeir fulla möguleika á að hrinda sínum málum í framkvæmd. Stundum virðist manni að talið sé að við söfnumst saman einhvers staðar á Hellisheiðinni einu sinni í mánuði og komum okkur saman um hvernig lífið og tilveran eigi að arta sig á næstunni. En að sjálfsögðu er þetta ekki þannig.

4. Málið er að karlar eru ekki frekar en konur einn samstæður hópur. Karlar ekki síður en konur upplifa valdaleysi gagnvart formgerðum samfélagsins. Karlanefnd jafnréttisráðs á ekkert greiðari aðgang að þeim sem móta samfélagið en margar konur. Þannig að svo lengi sem hugsað er í einni karlmennskuvídd og hugsað er útfrá því að allir karlar eigi sameiginlega hagsmuni

gegn öllum konum þá komumst við ekki mjög langt. Þá klafa þurfum við að brjóta af okkur og hugsa út frá formgerðum samfélagsins. Formgerðum sem opna vissa möguleika og koma í veg fyrir aðra, hygla sumum en herja á aðra, vissulega kynskipt, möguleika sem eru vissulega mismunandi fyrir karla og kvenna, en kerfi þar sem báðir aðilar tapa einhverju og vinna annað, mismikið og án þess að jafnræði ríki um ákvarðanir í málinu en þó þannig að ekki er um Zero-sum leik að ræða. Það er ekki þannig að allt sem annar aðilinn vinnur þýði tap fyrir hinn. Og það þarf ekki annað en líta á tölfræði heilbrigðis- og félagsmála til að sjá að því fer víðsfjarri að allir karlar græði allt á feðraveldinu. Karlar lifa skemur en konur, þeir lenda frekar í fangelsum, þeir eru mun fleiri meðal HIV-smitaðra og strákar eru mun líklegri til að lenda á upptökuheimilum og sálfræðimeðferð en stúlkur, svo að nokkrir þættir séu nefndir.

Og af hverju tapa þá karlar? Merkilegt nokk er ef til vill best að nálgast þá hugmynd útfrá völdum. Það er að segja að við þurfum jafnframt því að tala um völd karla að tala líka um valdaleysi þeirra, raunverulegt eða sem eitt hugsanlegra markmiða. Því það getur svo sannarlega verið léttir í því að afsala sér völdum, að þurfa ekki alltaf og alls staðar að vera sá sem öllu ræður og allt getur. Og mörg pör nútímans lenda í vandræðum vegna væntinga um stjórn mannsins. Hversu margir karlar hafa ekki heyrt í æsku sinni það sem einn viðmælandinn í viðtalakönnun minni sagðist hafa heyrt frá móður sinni þegar hann var að grínast með að faðir hans dró heim 50 kílóa hveiti- og sykursekki: „Já góði, þú skalt nú bara sjá jafn vel fyrir þinni fjölskyldu og pabbi þinn hefur séð fyrir sinni." Þetta situr í. En margir karlar sem fara í sambúð eru komnir í stöðu þar sem þeir af hefð öðlast völd og áhrif og hafa oft notið góðs af. Hins vegar hefur karlinn ekki lengur sömu stjórn og áður, hvorki fjárhagslega né tilfinningalega. Ákaflega sjaldan sér karlinn einn fyrir heimilinu og getur því ekki skapað sér ímynd sem sá sem sér um heimilið, sá sem skaffar. Þess vegna vill myndast ákveðin tvöfeldni í boðskiptum varðandi vald. Lausnin er að sjálfsögðu ekki sú að endurreisa karlinn sem fjölskyldudrottnara. Lausnin felst í að karlinn sætti sig við að hans gamla drottnunarhlutverk er fyrir bí. Og lausnin er einnig sú að konur líti í auknum mæli á það sem eðlilegt að axla víðtækari ábyrgðarhlutverk varðandi framfærslu

fjölskyldunnar. Taki menn nú ekki bara annað og ekki hitt! Þetta gerist ekki öðruvísi en sem samspil.

Þá vaknar spurningin hvort karlar ættu ekki að styðja femínisma ef svo er í reynd að þeir tapi á feðraveldinu. En málið er ekki svo einfalt því eins og ég sagði áðan er ekki einvörðungu um tap eða gróða að ræða. Hvers vegna ættu hvítir, vestrænir karlar að styðja femínisma? Þó svo ég t.d. sé ekki meðal hinna hatrömmu verjenda feðraveldisins þá er ég ljóslega einn þeirra sem hafa ákveðinn hag af því. Því skyldi ég ganga gegn þeim hagsmunum mínum?

Hér kemur til skilgreining á hagsmunum. Ríkjandi skilgreining hagsmuna á Íslandi í dag er að hagsmunir hvers einstaklings felist í möguleikanum á að éta meira. Og í þessu sést af hverju ekki er hér eða almennt á Vesturlöndum stór og öflug karlahreyfing sem tekur á og ræðir stöðu karla sem félagslegs kyns. Það er alveg ljóst að þegar á heildina er litið hafa karlar efnislegan hag af núverandi kerfi. Tölfræðilega séð eru þeir með hærri laun og meiri völd en konur. Þessir efnislegu hagsmunir þeirra segja þeim ekki að fara að ræða sérstaklega stöðu sína.

Og áður en menn fara að rjúka upp til handa og fóta og benda á þetta sem dæmi um sérgæsku og eiginhagsmunahyggju þá sem einkenni karla þá er rétt að hafa í huga að við höfum heldur enga hreyfingu sem hægt er að kalla því nafni sem tekur á því óréttlæti sem felst í skiptingu gæðanna í heiminum. Við í þessum sal tilheyrum forréttindahóp. Við tilheyrum þeim fimmtungi mannkyns sem sópar til sín 83% heildartekna í heiminum. Fátækasti fimmtungur mannkyns fær í sinn hlut aðeins 1,4% heildarteknanna. Við njótum þannig góðs af því alþjóðaskipulagi sem níðist á hinum fátækustu. Og látum okkur vel líka!

5. Breikkun á hlutverkum karla

Ég held að að mörgu leyti sé nú lykilatriði að við fáum einhverja samsvarandi breikkun í hlutverkamöguleikum karla og konur hafa upplifað. Sumir í þessum fræðum hafa viljað kalla slíkt „reembodiment“ karla og það þarf ég að fá einhvern íslenskumann til að þýða. Bein þýðing er víst „endurholdtekja“ en það sem felst í hugsuninni er að auka, breikka og breyta notkun karla á skrokknum á sér. Að notkun hans sé ekki bundin við aflbeitingu, ópersónulega rökhyggju og valdatripp. Slík endurholdtekja felst meðal annars í því að breyta verkaskiptingunni í umönnun ungabarna. Slík breyting hefði

að sjálfsögðu í för með sér verulegar breytingar varðandi formgerð kynjasamskipta og væri þannig æskileg. En við þurfum líka að taka tillit til líkamans og afleiðinga slíkra breytinga á hann.

Vinna með ungabörn krefst mikillar næmni, meðal annars varðandi snertingu. Og þetta birtist í mörgum þáttum, frá því að fá barnið til að taka við pelanum, þrífa af því kúkinn og róa það fyrir svefninn. Þegar karlar taka þátt í þessari vinnu þjálfa þeir og þróa allt aðra þætti líkama síns en þá sem notaðir eru í stríði og líkamlegum átökum, íþróttum og hefðbuninni karlavinnu. Og það hefur einnig í för með sér að þeir upplifa annars konar ánægju, annars konar nautn. Þess vegna er að mörgu leyti gaman að sjá skjóta upp kollinum póstkort sem sýna þá ánægju sem karlar geta haft af samskiptum við ungabörn.

Og ég held, allavega þegar ég á bjartsýna daga, að þetta sé að gerast. Mér virðist gengið út frá því í samskiptum flestra þeirra sem í dag rugla saman reytum að fólk skipti heimilisstörfum milli sín, að ákvarðanir um fjárfestingar séu sameiginlegar, að karlinum beri einnig réttur og skylda til að sinna börnunum. Hvort tímamælingar leiða síðan í ljós að skiptingin sé í raun og veru jöfn er svo annar handleggur og í mínum huga opin spurning. Þar koma líka til margar aðrar formgerðir í samfélaginu. Það sem ég er hér að leggja áherslu á er að það er gengið út frá þessu sem norminu, það er ekki jafnrétti á heimilinu sem þarfnast réttlætingar, þvert á móti, það eru frávik frá því sem þarfnast réttlætingar. Lögmæti feðraveldisins er horfið. Upp úr stendur vitundin um að kyn sé félagsleg afurð og þar af leiðandi sé unnt að breyta kyngerð samfélagsins með félagslegum aðgerðum. En þar er að sjálfsögðu spurt um pólitískan vilja.

Rabb á vegum Rannsóknastofu í kvennafræðum á vormisseri 1997

Ingólfur V. Gíslason

Íslenskar konur...

Annadís Greta Rúdólfsdóttir varði nýlega doktorsritgerð sína um mótun hins íslenska kvenleika við London School of Economics and Political Science. Áður hafði Annadís skrifað meistaraprófsritgerð um íslenskar fegurðardrottningar og fæst hún enn við rannsóknir á sviði kvennafræða þar sem hún er nú að vinna að rannsókn um sjálfsmynd ungra mæðra.

Ég mælti mér mót við Önnudísi í Norræna húsinu til að forvitnast um áhuga hennar á kvennafræðum og þær rannsóknir sem hún hefur gert á sviði kvennafræða. Annadís sagði mér frá doktorsritgerð sinni í félagssálfræði þar sem hún fjallaði um mótun kvenleikans og hvernig myndir hans hafa breyst milli kynslóða. Annadís sagði mér aðeins frá meistaraprófsritgerð sinni um íslenskar fegurðarsamkeppnir, en hún hélt á sínum tíma fyrirlestur um rannsóknina á rabbfundi Rannsóknastofu í kvennafræðum þegar henni var lokið. Nú segist Annadís vera að vinna að rannsókn á sjálfsmynd ungra mæðra við Rannsóknastofu í kvennafræðum auk þess sem hún kennir inngang að kvennafræðum í félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Hún segir þessa rannsókn vera framhald af doktorsverkefninu þar sem hjá henni hafi vaknað áhugi á að skoða móðurhlutverkið á Íslandi.

Fegurðarsamkeppnir

En hvað skyldi hafa vakið áhuga Önnudísar á femínisma og kvennafræðum? Annadís segist hafa verið mikill femínisti síðan hún las *Kvennaklósettið* eftir Marilyn French í menntaskóla og ræddi hún mikið um stöðu kvenna við vinkonur sínar á unglingsárunum. Annadís segist ekki hafa einbeitt sér að kvennafræðum fyrr en hún hóf nám í LSE haustið 1989 og hófst handa við rannsókn á fegurðarsamkeppni Íslands. Annadís skrifaði grein í *Sunnudagsblað Morgunblaðsins* haustið 1991 þar sem hún fjallaði um rannsókn sína á fegurðarsamkeppnum. Þar veltir hún því fyrir sér af hverju keppnin um Ungfrú Ísland varð jafn vinsæl meðal landsmanna og raun bar

vitni. Svarið telur hún felast í því að fegurðardrottningunum var gefið þjóðernislegt mikilvægi. Í kynningu á fegurðarsamkeppni Íslands var hamrað á því að verið væri að velja mikilvægan fulltrúa íslensku þjóðarinnar. Fulltrúinn ætti að skapa jákvæða ímynd af Íslandi erlendis og vera virkur í að verja hagsmuni Íslendinga á erlendri grund. Hún segir að hluti af þeim áróðri sem notaður hefur verið fyrir fegurðarsamkeppni sé að þátttaka í slíkri keppni hafi mikið gildi fyrir stúlkurnar sjálfar og þeirra innri mann. Annadís segir að þjálfunin fyrir slíka keppni sé meðal annars fólgin í því að læra að ganga á mjög háum hælum og fara í líkamsrækt og ljós. Eldraunin er svo að ganga fyrir framan dómara og fullan sal af fólki á sundbol og síðkjól. Þannig vex og dafnar hinn innri maður samkvæmt boðskap keppninnar. Annadís segir að forvígismenn keppninnar hafi gefið í skyn að hlutverk íslenskra fegurðardrottninga sé að leysa af hendi starf við erfiðar aðstæður, þar sem litið er á þær sem virka og ábyrga einstaklinga. Í keppninni voru stúlkunum hins vegar gefin fá tækifæri til að koma fram sem ábyrgir og þroskaðir einstaklingar með skoðanir. Mun meiri áhersla var lögð á æsku stúlknanna og sakleysi. Þær hafi verið látnar busla eins og lítil börn í Bláa lóninu og vitsmunum þeirra var ögrað með spurningum á borð við: „Hvað fékkstu mörg páskaegg?“ eða „Hvað fá stúlkur út úr því að taka þátt í keppninni um Ungfrú Ísland?“

Annadís segist hafa horft á sjónvarpsþættina sem sýndir voru um íslenskar fegurðarsamkeppnir í vetur og bendir á að þá sterku tilvísun sem þar var að finna í þjóðernið sem hún fjallaði um í rannsókn sinni. Í þáttunum var margítrekað hversu duglegar stúlkurnar voru að selja og kynna landið erlendis. Annadís bendir einnig á að í frásögninni af sögu keppninnar var fortíðin að vissu leyti jafn „snyrt“ og þær fegurðardrottingar sem talað var við. Hún heldur því fram að þótt keppnin hafi vissulega verið, og sé enn, hluti af íslenskri dægurmenningu, hafi hún alls ekki alltaf verið í tísku. Keppnin er í eðli sínu íhaldssöm en ekki róttæk og framúrstefnuleg. Önnudísi fannst kúnstugt að tónlist Bjarkar hafi verið notuð sem bakgrunnur í einum af þáttunum, en Björk var alltaf gefin falleinkunn af fegurðarsérfræðingum keppninnar, þar sem hún fellur illa að Doris Day stöðlum keppninnar. Annadís bendir einnig á að það sé skrýtið hversu vandlega var farðað yfir litríkar mótmælaaðgerðir

Rauðsokkanna gegn keppninni og ekki tekið viðtal við eina einustu þeirra.

Íslenski kvenleikinn

Annadís segir að áhuginn á að skoða samfélagslega mótun hins íslenska kvenleika hafi vaknað þegar hún var að vinna rannsóknina á íslenskum fegurðarsamkeppnum. Hún bendir á að hugmyndir okkar um kvenleika og karlmennsku séu afurðir þeirra orðræðna sem ríkjandi eru í samfélaginu á hverjum tíma. Þær hafi áhrif á þá mynd sem við sköpum okkur af okkur sjálfum og móta hugsanir okkar og athafnir. Það gerir einstaklinga hins vegar ekki að viljalausum verkfærum þessara hugmynda. Þvert á móti telur Annadís að orðræðugreining beini athyglinni að því svigrúmi sem við höfum til að sýna kvenleika okkar og karlmennsku og til þess að spyrna gegn ríkjandi hugmyndum.

Meðal þess sem Annadís hafði áhuga á að skoða var hvað gerist þegar hugmyndir samfélagsins um hlutverk kvenna breytist og stangast á við eldri hugmyndir. Hvaða sálfræðilegu og félagslegu afleiðingar hefur það fyrir konur? Til að skoða þetta greindi Annadís annars vegar minningargreinar frá 1922 til 1992 og viðtöl sem hún tók við konur á aldrinum 16 til 88 ára. Minningargreinararnar fylgja fremur fastmótuðu frásagnarformi, sem reyndar hefur verið að opnast og breytast á síðustu árum. Þær hugmyndir sem þar birtast um kvenleikann eru að mati Önnudísar fremur einhæfar og íhaldssamar. Í stuttu máli segir hún að móðirin sé upphafin. Mikið sé gert úr tilfinninga- og nægjusemi hennar. Hún lætur þarfir allra annarra ganga fyrir sínum eigin og sjálfsfórnin virðist vera sérstaklega kvenleg dyggð. Í lýsingum á bóndakonum er þó einnig talað um hversu góðar þær hafi verið að stjórna bæjunum. Hugmyndin um móðurina sem lætur velferð allra annarra ganga fyrir sinni eigin, er enn sterk og stangast á við hugmyndir sem eru að verða meira áberandi meðal yngri kynslóða, þ.e. að einstaklingurinn eigi að lifa í takt við innri þarfir og haga lífi sínu þannig að hann nái að njóta sín sem best.

Í viðtölum þeim sem Annadís tók við konur sagðist hún aðallega hafa spurt um samskiptin við mæður og/eða dætur en einnig um uppeldi barna og hvort kvennabarátta skipti máli. Þar kom spennan milli ólíkra hugmynda og þær leiðir sem konur reyna að fara til að leysa hana betur í ljós en í minningargreinunum. Þessi spenna, segir Annadís, verður efniviður fyrirlestursins sem haldinn verður í nóvember.

Ungar mæður

Þegar Annadís hafði lokið doktorsritgerð sinni kviknaði áhuginn á að skoða móðurhlutverkið og ímynd þess nánar. Viðfangsefnið sem hún valdi sér voru ungar mæður og sjálfsmynd þeirra. Annadís er þegar búin að tala við nokkrar verðandi ungar mæður og segir hún það eftirtektarvert hversu ólíkar stúlkurnar eru og við hve misjafnar aðstæður þær búa. Allar eru þær þó harðákveðnar í að spjara sig og veita barninu gott uppeldi. Þetta stingur í stúf við þá staðalmynd sem sköpuð hefur verið af ungum mæðrum, sérstaklega erlendis, þar sem þeim er lýst sem óábyrgum tækifærissinnum. Hún er nú að vinna að rannsókninni og mun innan skamms fara út á land til að taka fleiri viðtöl. Það verður fróðlegt að fylgjast með framvindunni og vonandi fáum við að heyra um niðurstöður á rabbfundi á næstu misserum.

Elfa Ýr Gylfadóttir

Ýmsar fréttir

Rannsóknastofa í kvennafræðum er flutt í Aðalbyggingu.

Rannsóknastofa í kvennafræðum er nú flutt á aðra hæð í aðalbyggingu Háskóla Íslands. Búið er að merkja herbergið Rannsóknastofunni og verður sími og netfang það sama og áður. Símbréfsnúmer er 552-1331.

Heimasíða Rannsóknastofunnar

Nú er hægt að nálgast upplýsingar um Rannsóknastofuna og sjá dagskrá fyrirlestra og rabbfunda á heimasíðu Rannsóknastofu í kvennafræðum, slóðin er http://www.hi.is/pub/fem

Nýr starfsmaður stofunnar - nýr opnunartími

Þar sem núverandi starfsmaður er að fara í nokkurra mánaða leyfi tekur nýr starfsmaður við frá og með 1. september. Hún heitir Aðalheiður Inga Þorsteinsdóttir og verður við á stofunni á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum milli kl. 13.00-16.00.

Konur og Kristsmenn

Þættir úr sögu kristnisögu Íslands

Háskólaútgáfan 1996
331 bls.

Konur og kristsmenn

Greinasafnið *Konur og kristsmenn. Þættir úr kristnisögu Íslands* er afrakstur „hugmyndastefnu" sem haldin var vorið 1995 og var ætlað að grafa upp gleymdan hlut kvenna í sögu kristni á Íslandi. Þá þegar var ljóst að erindi ráðstefnunnar kæmu út á bók, en vafalaust hafa ýmsir verið orðnir langeygir þegar bókin leit loks dagsins ljós í vetrarbyrjun 1996. Í ritinu eru níu greinar eftir jafnmarga fræðimenn. Ritstjóri er Inga Huld Hákonardóttir, sagnfræðingur, en hún er kvennasögulegur ráðgjafi verksins *Saga kristni á Íslandi í 1000 ár*, sem kemur á út árið 2000. Inga Huld var fundarstjóri hugmyndastefnunnar og hún skrifar inngang ráðstefnuritsins ásamt Hjalta Hugasyni, prófessor.

Opnunargrein ritsins er eftir Helgu Kress, prófessor í almennri bókmenntafræði við Háskóla Íslands. Greinin heitir „Grey þykir mér Freyja" og fjallar um konur, kristni og karlveldi í íslenskum fornbókmenntum. Í grein sinni skoðar Helga þá texta fornbókmenntanna sem fjalla um kristnitökuna á Íslandi og les úr þeim eitt og annað um viðhorf til kvenna. Um grein Helgu fjallar Elfa Ýr Gylfadóttir nánar í ritdómi um greinasafn Helgu *Fyrir dyrum fóstru* og verður því ekki frekar fjallað um hana hér. Ég vil þó aðeins segja að greinin er það sem Inga Huld ritstjóri segir á baksíðu um innihald bókarinnar allrar: „fræðileg, fyndin og ögrandi".

Agnes S. Arnórsdóttir, sagnfræðingur, fjallar um brúðarkaup, kvennagiftingar og kanónískan rétt í grein sinni. Hún skoðar hvernig hugmyndin um hjónabandið breyttist á miðöldum með auknum áhrifum kirkju á lagasetningar um hjónabandið. Agnes hefur í rannsóknum sínum á stöðu kvenna á 12. og 13. öld sýnt fram á að konur gátu notið nokkurra og jafnvel mikilla valda í

skjóli auðs og verndar ættar sinnar því þær tilheyrðu ætt sinni þótt þær giftust. Brúðguminn greiddi kvonarmund fyrir brúði sína og henni fylgdi heimanfylgja úr föðurhúsum. Þessi gagnkvæmu gjafaskipti brúðhjóna þjónuðu mikilvægu hlutverki hjá íslenskum höfðingjum 12. og 13. aldar. Telur Agnes að aukin áhrif kirkjunnar undir lok þrettándu aldar, það að veita konum aukið frelsi við makaval (í stað þess að feður eða frændur réðu makavali) og jafnframt að veikja vald fyrri forráðamanna og styrkja vald eiginmanns yfir eiginkonu, hafi í raun veikt stöðu kvenna í samfélaginu. Þær hættu að vera „tengiliðir milli ætta" líkt og áður var og þær urðu háðari eiginmönnum sínum. Gamla samfélagið tryggði þannig konum ákveðna vernd, t.d. gegn því að eiginmaður sólundaði eigum konu sinnar. Agnes er ein fárra sagnfræðinga sem undanfarin ár hefur lagt stund á kvennasögurannsóknir og beitt rannsóknaraðferðum kvennafræða (gender studies/kjønnsforskning). Grein hennar er bæði skemmtilegt og fróðlegt framhald fyrri rannsókna og verður spennandi að fylgjast með rannsóknum hennar í framtíðinni.

Ásdís Egilsdóttir, bókmenntafræðingur, skrifar um kvendýrlinga og kvenímynd trúarlegra bókmennta á Íslandi. Ásdís segir frá helstu kvendýrlingum á kaþólskri tíð og um leið þeirri kvenímynd sem úr þeim má lesa. Það er athyglivert að konur (kvendýrlingar) fengu fyrst viðurkenningu þegar þær afneituðu eða yfirgáfu hið kvenlega (þó fremur kynferði sitt en kvenlega eiginleika) og karlgerðu sig eða voru karlgerðar af samfélaginu. Þetta vakti nokkra athygli undirritaðrar sem m.a. hefur fengist við rannsóknir á kvenímynd 19. aldar. Þar sést greinilega að þegar hrósa átti konum og gera þeim sérlega hátt undir höfði voru þeim gefin karlleg einkenni. Ásdís bendir á að þótt ákveðin karlleg einkenni hafi þurft til þess að konur hlytu viðurkenningu sem dýrlingar, hafi kirkjan, biskupar og kirkjuhöfðingjar yfirtekið ákveðin kvenleg einkenni þegar það hentaði kirkjunni og stefnu hennar. Þar er einkum átt við samlíðun, móðureðlið (brjóstagjöf), kærleikann o.s.frv. Ásdís bendir auk þess á að þótt þessir eiginleikar séu tíundaðir og móðureðlinu hampað, sé ekki þar með sagt að konur hafi „notið meiri virðingar í samfélaginu". Konur voru þrátt fyrir allt „tákn um líkamlegan og andlegan veikleika". Hvað íslenska kvendýrlinga varðar eru þeir fljótafgreiddir því þeir eru ekki til. Hins

vegar birtast flest helstu kvenhlutverk Biblíunnar (og dýrlinga) í sögum af Guðmundi Arasyni biskupi. Að lokum veltir Ásdís fyrir sér tilgangi sagna af helgum konum og segir að verið geti að þeim „hafi verið ætlað að höfða sérstaklega til kvenna og bæta siðferðið". Rannsóknarefni Ásdísar er spennandi og lesandann þyrstir í að vita meira. Hið sama má raunar segja um flestar greinar ritsins þar sem fjallað er um konur út frá nýju sjónarhorni. Bókmenntir eru einmitt kjörinn rannsóknarvettvangur þegar skoða á kvenímynd og viðhorf til kvenna. Af því hefur þó alltof lítið verið gert en greinar Ásdísar og Margrétar Eggertsdóttur (sem komið verður að síðar) eru dæmi um þegar vel tekst til.

Elsa E. Guðjónsson, textílfræðingur, fjallar um „kirkjuleg útsaumsverk íslenskra kvenna í kaþólskum og lútherskum sið". Á hugmyndastefnunni sýndi Elsa litskyggnur og sagði frá hátt á þriðja tug útsaumsverka úr kirkjum landsins, en í greininni tekur hún þann kost að „gefa stutt yfirlit yfir varðveitt íslensk kirkjuklæði fram á 19. öld" og hannyrðakonur. Grein Elsu er afar fróðleg og gefur innsýn í trúarlíf kvenna, menntun þeirra og kvenímynd og ekki síst hve mikinn þátt konur hafa átt í að skreyta kirkjur landsins og klæði presta með handverki sínu.

Margrét Eggertsdóttir, bókmenntafræðingur, segir frá hlut kvenna í trúarlegum kveðskap á sautjándu og átjándu öld. Margrét fjallar um trúarlegan kveðskap, bæði karla og kvenna. Hvað karlanna varðar, horfir Margrét einkum á það hvernig þeir fjalla um konur og hvaða kvenímynd megi lesa úr kvæðum þeirra. Þar er áherslan lögð á þær dyggðir sem helst þóttu hæfa konum, svo sem miskunnsemi, kærleika og guðhræðslu. Margrét telur upp þær fáu konur 17. og 18. aldar sem vitað er til að hafi samið trúarlega texta og sálma. Misjafnt er hversu mikið hefur varðveist eftir þær og óvíst er að enn séu öll kurl komin til grafar í þeim efnum. Athyglivert er hvernig kvenleg einkenni eru yfirfærð á Krist og jafnvel kirkjuna í trúarlegum kveðskap og textum, hvort heldur skáldið er karl eða kona, og líkt við móður sem nærir barn á brjóstum sínum. Kristur verður að auki að unnusta, blíðum og mildum, með móðurlega eiginleika. Kirkjan og Guð/Kristur sýna þannig mildari eiginleika en tíðkaðist í bókmenntum lúthersks réttrúnaðar, segir Margrét, þar sem áhersla er lögð á „grimman og refsandi Guð". Margrét bendir á að skáldkonurnar

hafi flestar verið ógiftar, að minnsta kosti þegar þær ortu ljóð sín. Hún veltir því fyrir sér hvort sú mynd sem þær draga upp af Kristi sem unnusta sé til þess fallin að réttlæta jómfrúrstöðu þeirra í samfélagi þar sem áhersla var lögð á að konur giftust. Þetta eru að mínu mati mjög spennandi hugleiðingar og gefa tilefni til frekari rannsókna.

Séra Gunnar Kristjánsson fjallar um viðhorf *Vídalínspostillu* til kvenna í grein sinni. Í postillunni er hefðbundnu kvenhlutverki hampað. Allmikið er gert úr kvenlegum dyggðum, þeim sem komið hafa fram í fyrri greinum, miskunnsemi, samlíðun, mildi og kærleika. Þetta viðhorf mótast m.a. af eigin reynslu Jóns Vídalíns, en ekki síður af þeirri „þjóðfélagsgerð sem ríkjandi var og kallaði konur og karla til verka á ákveðnum sviðum samfélagsins". Séra Gunnar telur rangt að kalla Jón Vídalín predikara reiðinnar, eins og löngum hefur verið gert. Hann boðaði þvert á móti réttlæti og samlíðan með lítilmagnanum. Í raun má segja að hér séu svipuð viðhorf á ferðinni og Ásdís Egilsdóttir og Margrét Eggertsdóttir segja frá í sínum greinum. Hinir kvenlegu og mildu eiginleikar eiga að vera ráðandi. En gildi þessara kvenlegu eiginleika breytti í raun engu um stöðu kvenna. Karlinn var eftir sem áður höfuð konunnar og honum skyldi hún lúta. Í því breytti *Vídalínspostilla* engu um frá fyrri tíð. *Vídalínspostilla* hafði óefað gríðarleg áhrif á íslenskt samfélag 18. og 19. aldar, eins og séra Gunnar raunar heldur fram, og þegar skoða á kvenímynd þessara tveggja alda er blátt áfram nauðsynlegt að kynna sér hvað segir um konur í þessari helstu húslestrarbók landsmanna. Grein Gunnars er því bæði áhugaverð og þörf þeim sem vilja þekkja samfélag fyrri alda.

Guðrún Ása Grímsdóttir, handritasagnfræðingur, fjallar um prestskonuna íslensku á fyrri öldum. Guðrún lýsir því hverjar breytingar urðu á 16. öld þegar prestum varð heimilt að kvænast. Fjöldi kvenna fékk þannig möguleika á betra mannsefni en áður og jafnvel betri kjörum. Það verður þó að hafa í huga, eins og Guðrún Ása bendir á, að brauðin voru afar misjöfn að gæðum og landkostum. Prestsembætti var því engin trygging fyrir velferð og sæmilega tryggum efnahag. Engu að síður var það svo að prestsheimilin þóttu yfirleitt bera af öðrum og til prestskvenna voru gerðar meiri kröfur en annarra kvenna. Á þetta bendir Guðrún Ása og hið sama hefur undirrituð séð í eigin rannsóknum. Prestskonur voru

samkvæmt ímyndinni öðrum konum dyggðugri og það væri spennandi að skoða þá ímynd nánar. Guðrún Ása telur að út úr þeirri „kvenmynd sem lesa má af minningartöflum og úr eftirmælum eftir biskupsmatrónur og hinar tignari prestskonur eftir siðskipti hafi líkt mót og líkan tilgang og sögur heilagra meyja sem skráðar voru á kaþólskri tíð á Íslandi". Hér er enn komið spennandi rannsóknarefni sem leiðir saman rannsókn Guðrúnar og Ásdísar Egilsdóttur. Guðrún segir prestskonur hafa gegnt mikilvægu hlutverki í samfélaginu. Þær léttu bústjórn af mönnum sínum svo þeir gátu helgað sig starfi sínu og þær voru „dyggðaspegill sóknabarna hans" svo fátt eitt sé talið. Enn er ótalið mikilvægt hlutverk prestsheimila og prestskvenna, en það er þáttur þessara heimila í menntun ungmenna. Það þótti hæfa ungum stúlkum af sæmilegu standi að komast í góða vist þar sem þær lærðu þær dyggðir sem konur helst prýða: saumaskap, tóvinnu, hreinlæti og matargerð. Prestsheimilin voru helsta fyrirmyndin í þessum efnum, væru þau yfirhöfuð sæmilega búin. Prestskonur voru yfirleitt betur að sér í kvenlegum dyggðum en aðrar konur og sumar jafnvel sæmilega að sér í bóklegum fræðum þótt óhætt sé að taka undir með Guðrúnu að bóklegur lærdómur kvenna hafi heyrt til undantekninga. Það má því segja að tilkoma prestsmaddömunnar í íslenskt samfélag hafi ekki aðeins aukið möguleika kvenna á sæmilegu mannsefni heldur einnig menntun til munns og handa. Guðrún Ása skrifar skemmtilegan texta og imprar á fjölmörgu spennandi í grein sinni sem tilvalið væri að rannsaka frekar.

Margrét Jónsdóttir, félagsfræðingur, skrifar afar fróðlega grein um konur í þremur trúarhópum á Íslandi, Krossinum, Fíladelfíu og Hjálpræðishernum. Fyrir þá sem ekki þekkja til þessara trúarhópa nema af afspurn er greinin upplýsandi og til þess fallin að draga úr fordómum. Hlutverk og staða kvenna innan þessara söfnuða er nokkuð mismunandi, en þó má segja að innan þeirra allra sé hefðbundnu hlutverki kvenna hampað og þeim gert að gangast undir húsbóndavald eiginmannsins. Þær eiga erfitt með að komast í valdastöður innan hópanna þótt markvisst sé reynt að vinna að jafnrétti, eins og t.d. innan Hjálpræðishersins. Konurnar vilja gjarnan komast hærra í valdastiganum og draga sumar jafnvel í efa réttmæti þess að karlar einir hafi

völdin, hvort heldur er innan hópsins eða á heimilinu. Þær hafa hins vegar fundið sér ákveðnar leiðir sem gera þær áhrifamiklar innan safnaðarins og afla þeim virðingar, t.d. innan Krossins. Af þessum þremur söfnuðum er karlveldið enn sterkast í Fíladelfíu. Það er athyglivert að konur í þessum trúarsöfnuðum hafa fremur neikvæða afstöðu til kvennahreyfingarinnar. Margrét telur að ef til vill megi skýra þessa afstöðu, að minnsta kosti kvenna í Krossinum, „sem tilfinningalega togstreitu og andstöðu gagnvart samtökum sem bjóða birginn því hlutverki sem þær hafa axlað af fúsum og frjálsum vilja". Rannsókn Margrétar nær til kvenna í samtímanum og hefur því nokkra sérstöðu í ritinu. Af sömu ástæðum vekur hún forvitni. Grein Margrétar er skrifuð af vandvirkni og með virðingu fyrir konum í þeim trúarhópum sem um ræðir.

Síðasta grein bókarinnar er eftir séra Auði Eir Vilhjálmsdóttur. Þar er að finna harða gagnrýni á íslensku þjóðkirkjuna, valdauppbyggingu hennar og afstöðu til kvenna. Séra Auður bendir á hvernig færa má hlutina til betri vegar, bæði hvað varðar kirkjuna almennt og ekki síst hlut kvenpresta. Gagnrýni Auðar hefur oft fallið í grýttan jarðveg og það var greinilegt á viðbrögðum nokkurra fundarmanna við erindi Auðar á hugmyndastefnunni að þeir áttu erfitt með að þola slíka gagnrýni á kirkjuna (karla?). Vafalaust ýtir greinin við ýmsum, enda er henni ætlað að gera það. Breytingar verða ekki af sjálfu sér, og það hefur berlega komið í ljós á undanförnum árum og mánuðum að uppstokkunar er þörf innan þjóðkirkjunnar. Fyrir ýmsa, væntanlega einkum konur, hefur Kvennakirkjan verið lausnin. Þar er orð Guðs boðað út frá sjónarhorni kvennaguðfræðinnar. Séra Auður kynnir einmitt Kvennakirkjuna og kvennaguðfræði í grein sinni og getur sú guðfræði komið kirkjunni til hjálpar að hennar mati.

Þegar á heildina er litið er *Konur og kristsmenn* vel heppnað rit. Höfundar greinanna fjalla um margvísleg efni sem öll eiga það þó sameiginlegt að fjalla á einhvern hátt um trúarlíf kvenna eða viðhorf kirkjunnar og trúarlegra rita til kvenna. Inga Huld Hákonardóttir og Hjalti Hugason segja í inngangi ritsins að þau vonist til þess að það veki „frjóa umræðu og lífleg skoðanaskipti". Einnig að það vísi „veg til frekari rannsókna" og loks að það nái að höfða til fleiri en fræðimanna og skili sér þannig út í þjóðfélagið. Það er mat mitt að greinar ritsins standi undir þessum

væntingum. Þær eru skrifaðar á góðu og skiljanlegu máli og sanna væntanlega að fræðigreinar þurfa ekki að vera þurrar og leiðinlegar, eins og svo margir halda. Rannsóknarefnin eru ekki aðeins spennandi og örvandi fyrir fræðimenn heldur alla áhugasama um sögu þjóðarinnar, svo ekki sé talað um þá sem einkum hafa áhuga á sögu og stöðu kvenna í nútíð og fortíð. Það er því full ástæða til að fagna riti sem þessu og raunar einnig hugmyndastefnunni sem það byggir á.

Aftast í ritinu eru enskir útdrættir greinanna sem vonandi verða til þess að erlendir fræðimenn geti betur fylgst með og áttað sig á hvað er á seyði í íslenskum kvennafræðum.

Það eru örfá atriði sem mig langar að finna að og varða uppsetningu og frágang. Útlit bókarinnar er reyndar glæsilegt og myndefni vel valið. Heiðurinn af útlitinu á Alda Lóa Leifsdóttir (dóttir Ingu Huldar). Það sem ég sakna í bókinni er atriðisorða- og nafnaskrá, en sjálfsagt er að gera kröfu til slíkra skráa í fræðiritum á borð við þetta. Ritstjóri kaus að leyfa höfundum að hafa sína hentisemi hvað varðar tilvísana- og heimildaskrár. Nú veit ég að um þetta eru mjög skiptar skoðanir. Sumir vilja leyfa hvers konar sérvisku en aðrir eru talsmenn þess að í greinasöfnum og fræðilegum tímaritum þurfi allir höfundar að beygja sig undir sömu reglur í tilvísana- og heimildaskrám. Undirrituð er fylgjandi því síðarnefnda og ergir sig þar af leiðandi á mismunandi tilvísana- og heimildaskrám í ritinu. Sumir eru með tilvísanaskrá og heimildaskrá en aðrir láta tilvísanaskrána nægja. Það sem þó stakk mig mest eru skrár Elsu E. Guðjónsson. Hún er með tilvísanaskrá þar sem hún vitnar til íslenskra höfunda á íslenskan máta, eins og vera ber, svo sem Elsa E. Guðjónsson, Kristján Eldjárn o.s.frv. Í heimildaskránni bregður hins vegar svo við að íslenskir höfundar lúta sömu lögmálum og erlendir og Elsa verður Guðjónsson, Elsa E. og Kristján Eldjárn verður Eldjárn, Kristján. Þarna er ósamræmi innan greinarinnar, fyrir utan hversu óeðlilegt það er að sjá íslensk nöfn lúta erlendum lögmálum í íslenskri grein í íslensku riti.

Þessi atriði sem ég hef nefnt hér breyta þó engu um gott innihald bókarinnar og er full ástæða til að hvetja þá sem ekki hafa keypt eða lesið bókina að gera það hið fyrsta.

Erla Hulda Halldórsdóttir

Fyrir dyrum fóstru

Greinar um konur og kynferði í íslenskum fornbókmenntum.

Háskóli Íslands,
Rannsóknastofa í kvennafræðum 1996
244 bls.

Konur og texti
Um ólæsi á konur

Í bókinni *Fyrir dyrum fóstru. Greinar um konur og kynferði í íslenskum fornbókmenntum* er að finna greinar sem Helga Kress hefur skrifað síðustu tvo áratugi og hafa birst á ýmsum stöðum í bókum og tímaritum. Greinarnar eiga það allar sammerkt að fjalla um konur og kynferði í íslenskum fornbókmenntum og má sjá sterk tengsl greinanna við *Máttugar Meyjar*, enda hafa kaflar úr titilgreininni verið felldir inn í þá bók. Í greinasafninu má sjá hvernig kenningar og umfjöllun höfundar um íslenskar fornbókmenntir hafa þróast á ákveðnu tímabili. Greinarnar eru afar vel skrifaðar og ýta við lesendum, enda er Helga frumkvöðull í að beita femínískri greiningu á íslenskar fornbókmenntir hér á landi. Þó að Helga sé mjög fræðileg í greinaskrifum sínum gerir hún þó kenningar sínar aðgengilegar fyrir almenning. Greinarnar eru skemmtilegrar aflestrar, enda bendir Helga á gróteska og fyndna texta máli sínu til stuðnings og beitir óspart íróníu sjálf. Hér verður fjallað um allar greinarnar í bókinni og í lokin verður lagt mat á verkið í heild.

Greinin „Ekki höfum vér kvennaskap“ er elsta greinin í safninu og sker sig aðferðafræðilega úr eins og Helga bendir á í formála. Í greininni gengur Helga út frá höfundarhugtakinu fremur en textanum sjálfum eins og hún gerir í öðrum greinum bókarinnar. Greinin fjallar um *Njálu* og hefst á tilvitnun í þau ummæli Einars Ólafs Sveinssonar að *Njálssaga* sé karlmanna rit. Sýnir Helga fram á hvernig afstaða *Njálu* til kvenna

stendur í beinu sambandi við karlmennskuhugtak hennar. Færir hún rök fyrir því að hreyfiafl sögunnar sé karlmennskan sem felist m.a. í líkamlegu atgervi, óttaleysi og drengskap. Í ljósi þessa segir Helga að eitt það háðulegasta sem hent getur karlmenn í *Njálu* sé að vera brigslað um kvenlega eiginleika, sem m.a. annars komi fram í orðunum ragur, blauður og argur. Einn skemmtilegasti hluti greinarinnar er þegar Helga fjallar um skeggleysi Njáls og hvernig karlmennsku Flosa er ógnað. Svo vel rökstyður Helga mál sitt að túlkun hennar virðist augljós.

Í greininni „Bróklindi Falgeirs" fjallar Helga um *Fóstbræðrasögu* og hláturmenningu miðalda í greinninni, m.a. út frá kenningum Mikhail Bakhtins um gróteskt raunsæi. Hún tekur útgangspunkt í svonefndum „klausum" sögunnar, en þær hafa gert það að verkum að *Fóstbræðrasaga* telst ekki í flokki bestu Íslendingasagna að mati fræðimanna. Í því sambandi tekur Helga fyrir skrif fyrri fræðimanna um hafa litið á söguna sem misheppnaða hetjusögu þar sem hún sé í raun gamansaga og geri grín að hetjum. Það á vel við í grein um hláturmenningu og íróníu í fornbókmenntum að vera írónískur í umfjöllun sinni um verk annarra fræðimanna. Dæmi um slíka íróníu í grein Helgu eru orð hennar um kenningar Jónasar Kristjánssonar: „Í doktorsriti sínu [...] færir Jónas Kristjánsson frekari rök að því að klausurnar séu upphaflegar í sögunni [...] Allir hafa nefndir fræðimenn litið á klausurnar sem lýti á sögunni, og er það engu líkara en Jónas Kristjánsson beinlínis harmi niðurstöðu sína að þær hafi tilheyrt sögunni frá upphafi." Helga lítur á söguna frá allt öðru sjónarhorni, rökstyður kenningu sína á skemmtilegan hátt og afbyggir um leið hefðbundin skrif þeirra fræðinga sem hún vitnar til.

Í „Fyrir dyrum fóstru" bendir Helga á hve ólæsir útgefendur eru oft á konuna í þeim texta sem þeir eru að fjalla um og gefa út. Hún bendir á að stundum hafi handritaskrifarar fellt burt úr texta það sem þeim annaðhvort mislíkaði eða skildu ekki og að bókmenntastofnunin hafi átt erfitt með að viðurkenna konur sem gerendur og talendur í texta. Helga tekur nokkur dæmi máli sínu til stuðnings og er titill greinarinnar gott dæmi um það sem Helga er að sýna fram á. Hún fjallar um útgáfur *Bárðarsögu* sem allar prenta síðustu setninguna í heimþrárkvæði Helgu Bárðardóttur: *fyrir dyrum fóstra* í stað *fyrir dyrum fóstru* sem ótvírætt stendur í því handriti sem gefið er út eftir. Fóstra handritsins breytir um kyn í

útgáfunni er verður að karli. Nefnir Helga fleiri dæmi um slíka kynjabreytingu í bókmenntasögunni. Það fer því vel að nota „Fyrir dyrum fóstru" sem titil bókarinnar, þar sem umfjöllun Helgu um ólæsi á konur í fornbókmenntunum birtist meðal annars í því hvernig þær eru þaggaðar, en þöggun kvenna má segjast leiðarminni í öllum hennar rannsóknum.

Í „Staðlausir Stafir" fjallar Helga um slúður sem uppsprettu frásagnar í Íslendingasögunum. Hún skilgreinir hugtakið slúður og sýnir dæmi um það í Íslendingasögum. Kenning Helgu um að slúður liggi til grundvallar mörgum frásögnum Íslendingasagna er bæði frumleg og skemmtileg, en slúðrið og þá um leið uppspretta sagnanna tengist konum á margan hátt. Það fylgir m.a. Hallgerði í *Njálu* frá upphafi til enda. Bæði er að hún slúðraði sjálf og um hana er slúðrað. Inn í þetta fléttast líkamleg fegurð Hallgerðar, kynferðislegt aðdráttarafl hennar og hættulegur hlátur hennar. Helga bendir á að slúður getur verið margskonar í Íslendingasögunum, það hefur t.a.m. áheyrendur, og nefnir Helga dæmi um það þegar slúður er beinlínis sivðsett. Ekki þarf að taka fram að karlhetjur Íslendingasagna taka ekki þátt í slúðri: „þeir eru viðföng þess og um leið það stjórnandi afl sem leitast við að ná tökum á því og fanga í reglur og kerfi." Þeir reyna sem sagt að þagga það. Kenning Helgu er sú að í þessu felist margræðni frásagnarinnar sem verði til í togstreitunni milli hins karllega og kvenlega, festunnar og flæðisins, leyfilegrar orðræðu og óleyfilegrar orðræðu.

„Gægur er þér í augum" fjallar með vísun í frægan kafla í *Njálu* um konur í sjónmáli Íslendingasagnanna. Helga hefur grein sína á því að fjalla um þá kenningu frönsku fræðikonunnar Luce Irigaray að karlar skilgreini konur og marki þeim stað með glápi. Þannig sé kvenleiki hlutverk, ímynd og gildi sem karlar hafa þröngvað upp á konur með því að gera þær að sýningargripum. Konur eru því vörur á markaði þar sem þær ganga í skiptum milli karla. Fjallar Helga fjallar síðan um nokkrar frásagnir Íslendingasagna þar sem þetta sérstaka sjónmál kemur skýrt fram. Sérstakir sýningarstaðir eru t.a.m. alþingi en þangað fara konur í þeim einum tilgangi að sýna sig. Vekja þær athygli á líkama sínum með búnaði og skarti. Í þessari grein kemur Helga enn með nýtt sjónarhorn á Íslendingasögur og bendir á konur í texta þeirra.

„Njálsbrenna" er fremur stutt grein þar sem Helga tekur mið af kenningum um grótesku líkt og í greininni „Bróklindi Falgeirs".

Frásögnin af Njálsbrennu einkennist af grótesku og sýnir brennuna sem karnival. Hún er mikil og lýsandi sviðsetning, sjónleikur sem allir taka þátt í, bæði þeir sem eru utan og innan brennu. Helga nefnir ýmis grótesk einkenni á frásögninni, svo sem borðhaldið, fallið (karlar að detta), og hvernig gert er grín að guði.

Síðasta greinin í ritinu og jafnframt sú lengsta er að stofni til fyrirlestur sem Helga hélt á málþingi um konur og kristni í Háskóla Íslands og birtist fyrst í ráðstefnuritnu*Konur og kristsmenn* sem fjallað er um á öðrum stað í fréttabréfinu. Í formála segir Helga að greinin sé líklega sú veigamesta sem hún hafi skrifað um konur og kynferði í íslenskum fornbókmenntum og byggð á mestum rannsóknum. Það er eflaust rétt hjá henni. Greinin byggir á mjög miklum og víðtækum heimildum, bæði úr fornritum og fræðiritum. Jafnframt sker hún sig nokkuð frá öðrum greinum bókarinnar að efni til. Í greininni birtir Helga mjög nýstárlegar kenningar um konur, kristni og karlveldi í íslenskum fornbókmenntum þar sem hún afbyggir hefðbundnar söguskoðanir um kristni og kristnitökuna með því að sýna hvernig þær verða til. Líkt og í greininni um *Fóstbræðrasögu* beitir hún oft íróníu þegar hún fjallar um kenningar fræðimanna sem gerir greinina oft fyndna aflestrar. Í þessari grein kemur Helga fram með mörg ný og óvænt sjónarhorn sem sem hrista upp í hefðbundnum hugmyndum lesenda. Og er þar sérstök ástæða til að minnast á umfjöllun hennar um kristnitökuna. Margir hafa lært að Þorgeir Ljósvetningagoði hafi lagst undir feld og tekið ákvörðun um að Íslendingar skyldu kristnir verða. Þetta er hin ríkjandi skoðun og túlkun á þeim textum sem segja frá atburðinu. Í grein sinni sýnir Helga hins vegar fram á að Þorgeir hafi hvorki tekið ákvörðun sína vegna stjórnkænsku né göfuglyndis, heldur hafi honum verið mútað. Hann hafi skammast sín fyrir þetta og þess vegna farið í felur með feldinn dreginn yfir haus. Þetta hafi sagnfræðingar ekki viljað sjá. Vitnar hún í ýmsar kenningar þeirra um hvað Þorgeir hafi verið að gera undir feldinum, m. a. Sigurð Nordal sem segir: „Bersýnilega leggst hann ekki niður til þess að sofa, honum er meira í hug en svo. Þegar hann sezt upp, er við því búinn að skera úr málinu og skýra það, hefur hann vakað meir en sólarhring. Hann breiðir á sig feldinn til þess að fá einveru, talar hvorki, né hlustar á mál manna, fastar og vakir til þess

að hlýða á sagnaranda eigin vitundar.“ Aðrir, eins og t.a.m. Sigurður Líndal, telja að Þorgeir hafi verið að einbeita sér. Svona samsama seinni tíma fræðimenn sig hetjum fornsagnanna.

Athyglisverður kafli í greininni fjallar um orðið *guð* og merkingu þess. Færir Helga rök að því úr ýmsum heimildum að goðin, sem voru mörg, hafi orðið að einum karllegum guði með kristninni, og þar með hafi fjölbreytt og margradda menning alþýðunnar, náttúrutrú, fjölgyðistrú, verið kveðin niður og gerð að heiðni. Í kristni verða konur birtingarmyndar heiðni, meðan karlar (karlhetjur) bókmenntanna eru kristnir. Hún segir: „Þetta má sjá í frásögnum af átökum milli heiðninnar/konunnar annars vegar og kristninnar/karlsins hins vegar, þar sem gyðjur, dísir, nornir, fylgjur, ásynjur, valkyrjur, völvur, seiðkonur, fjölkunnugar konur, tröllkonur, draumkonur, kerlingar, skáldkonur, flögð og fjallkonur blandast saman í eitt allsherjar og ógnandi kvennaveldi.“ Konur eru birtingarmyndir líkamans og freistinga hans, og þær ógna kristnum körlum sem leggja stund á hið andlega og afneita líkama sínum. Helga bendir einnig á að þær fáu konur sem íslenskar fornbókmenntir lýsa sem kristnum, eru oftast gamlar og einar, jafnvel deyjandi og án samneytis við karla. Greinin er afar skemmtileg og fróðleg aflestrar og kemur fram með alveg nýjar kenningar sem eru vel rökstuddar texta.

Í lok bókar er ítarleg nafna- og atriðisorðaskrá sem auðvelt er að fletta upp í og auðveldar aðgang að efni bókinnar. Augljóst er að í slíkri atriðisorðaskrá liggur mikil og nákvæm vinna sem vert er að þakka. Allur frágangur bókarinnar er góður, kápan er falleg með mynd af þeim stað í handriti Bárðarsögu sem útgefendur lesa vitlaust. Ég vil einnig hrósa Helgu fyrir skemmtilega titla á greinum sínum, en þeir vekja án undantekninga forvitni um efni þeirra. Fyrir dyrum fóstru er nýstárleg, skemmtileg og fróðleg bók sem getur ekki annað en fengið lesendur til að endurskoða hefðbundnar hugmyndir sínar um bókmenntaarfinn.

Elfa Ýr Gylfadóttir

Kona verður til

Um skáldsögur Ragnheiðar Jónsdóttur fyrir fullorðna.

Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan 1996. 460 bls.

Hvernig kona verður til?

Í doktorsritgerð sinni, *Kona verður til. Um skáldsögur Ragnheiðar Jónsdóttur fyrir fullorðna*, tekst Dagný Kristjánsdóttir á hendur tvíþætt verkefni. Annars vegar er bókin tilraun til að breyta valdajafnvægi í bókmenntasögu þjóðarinnar með því að tefla fram kvenkyns rithöfundi og meta hana á hennar eigin forsendum, eða öllu heldur meta texta hennar á forsendum þeirra sjálfra. Hins vegar að kynna bæði almenn og sértæk viðhorf kvennarannsókna í bókmenntafræðum fyrir almenningi og áhugafólki um bókmenntir. Að mínu mati tekst Dagnýju í doktorsritgerð sinni að setja flókin fræði þannig fram að skiljast megi þeim sem ekki búa yfir sérfræðiþekkingu um sviðið. Bók hennar dregur einnig skýrt fram gildi og þýðingu þeirra bókmenntatexta sem hún fjallar um á sama tíma og henni tekst að sannfæra að minnsta kosti þennan lesanda um hve ósvífin ráðandi öfl í bókmenntaheiminum hafa verið við að útiloka eða jaðra bókmenntir kvenna. Bókin er líka ótvíræð ábending um að löngu sé tímabært að í akademíunni, bæði í bókmenntafræði og öðrum fræðigreinum, sé tekið að skoða verk kvenna - hvort heldur þau eru til dæmis í bókmenntum eða stjórnun stofnana og fyrirtækja - útfrá öðru gildismati en ræður tilbúningi hefða og valdastofnana á vettvangi hugmyndafræði og hugmyndafræðilegrar mótunar í þjóðfélaginu.

Valdabarátta karla og jaðarstaða kvenna

Í bók sinni blandar Dagný saman umfjöllun um texta Ragnheiðar og umræðu um kenningar í bókmenntafræði og heimspeki á þessari

öld sem hafa haft áhrif á kvennarannsóknir. Í formála sínum gerir hún grein fyrir þessari ætlun sinni sem og þeirri að skrifa texta sinn fyrir áhugafólk um bókmenntir og bókmenntafræði fremur en fyrir fræðimenn á sviðinu, enda telur hún þá síðarnefndu svo fáa að ekki taki því að skrifa eingöngu fyrir þá. Einnig mætti ætla að það séu líklega síst þeir sem þurfi á hjálp að halda við að skilja þessi fræði og þær kenningar sem hún leggur til grundvallar riti sínu. Texti Dagnýjar sýnir hins vegar að í gegnum tíðina hafa fræðimenn brugðist þeirri skyldu að skoða mál frá sem fjölbreytilegustum sjónarhornum og að leyfa sem flestum röddum að njóta sín heldur tekið þann kost að láta stjórnast af eiginhagsmunum og ekki tekist að veita í fræði sín sköpunarmætti endurnýjunar. Þannig er það lykilatriði í kenningasmíð Dagnýjar að ástæður þess að kvennabókmenntir hafi átt svo erfitt uppdráttar sem raun ber vitni í almennri jafnt sem fræðilegri umræðu eru ótti karlfræðinga við að missa völd á umræðunni og skilningsleysi þeirra á þeim hugmynda- og reynsluheimum sem bókmenntir eftir konur framreiða. Slíkir punktar koma sterkast fram í kafla hennar um valdabaráttu í bókmenntaumræðunni en þar rýnir Dagný einnig í og greinir þá samtryggingu sem sérhvert orðræðukerfi bæði framleiðir og er byggt á.

Dagný sýnir glögglega þann tvískinnung sem ráðið hefur mati og umræðu karlkyns bókmenntafræðinga um bækur Ragnheiðar, en hann birtist m.a. í því að hrósa höfundinum en hallmæla textunum. Slík viðhorf þessara valdamiklu aðila senda textana út á jaðar viðtekinna bókmennta þaðan sem þeir eiga vart afturkvæmt, að minnsta kosti ef ekkert er að gert. Bók Dagnýjar er tilraun til að hafast að og ber í sér ný viðhorf til textanna. Bendir Dagný á að karlhöfundar hafi verið settir í miðjustöðu fyrir að takast á við spurningar og vandamál svipuð og Ragnheiður er ævinlega að fást við. Hún hefur þó aðrar áherslur og beitir bæði annarri hugmyndafræði og jafnvel öðrum lausnum en þeir. Þótt textar Ragnheiðar séu markaðir af mjög ósamstæðum gildum úr lífssýnum bændasamfélags og tilvistarspeki beina þeir kvennafræðilegum sjónarmiðum að þessum lífssýnum. Ragnheiður hefur á sinn hátt einnig verið í uppreisn við þessa tvo þætti og í reynd hafnað veigamiklum þáttum tilvistarspekinnar. Svo margbrotin heimsmynd átti ekki upp á pallborð valdastofnana bókmenntafræðanna sem valdi ótvíræð gildi, heilindi og fulltingi.

Tilvistarspeki sem útilokar konur

Dagný bendir einnig á þá sterku tvíbendni sem ríkir í textum Ragnheiðar gagnvart þeim erlendu straumum sem þeir veita inn í íslenska bókmenntaumræðu. Slík tvíbendni kemur skýrt fram í því hve textarnir eru misvísandi varðandi það lykilatriði tilvistarspeki Sartres sem er valið, þ.e. að frelsi einstaklingsins felist í vali hans. Dagný rekur vandlega hvernig Sartre fer að því að reisa lífssýn sína á útilokun konunnar og gera henni í reynd ókleift að lifa eftir boðskap hans. Textar Ragnheiðar, t.d. *Villi - eldur,* eru ekki hlýðin útlegging á þessum boðskap samkvæmt Dagnýju, heldur þvert á móti í sífelldri uppreisn við hann, og þá ekki síst þessa útilokun konunnar sem hann krefst. Á sama tíma birta textarnir vissa undirgefni við boðskapinn, t.d. leitast kvenpersónurnar við að beita valinu til að öðlast frelsi. Hér kemur hin hlið tilvistarspekinnar sem einnig datt mjög uppfyrir víðast hvar, en það er femínismi Simone de Beauvoir en Dagný leiðir fram sterk tengsl milli texta hennar og Ragnheiðar.

Söguhetju Ragnheiðar í *Villieldi* tekst svo snilldarlega í að fela það fyrir sjálfri sér að hún hafi alls ekki öðlast frelsi heldur einmitt glatað því að sumir lesendur eru gersamlega afvegaleiddir. Það þarf lestur einsog Dagný beitir til að grafa upp þessa mótspyrnu, skafa upp sjálfsblekkinguna, róta ofan af boðskap Sartres og lesa hann á móti keppinaut hans og elskhuga, de Beauvoir, til að hægt sé að sjá þær útsmognu aðferðir sem textar Ragnheiðar beita til að líkja eftir bæði sjálfsblekkingunni og meðvitund söguhetjunnar um að sjálfsblekkingarnar séu einmitt sjálfsblekkingar. Það er ótrúlega freistandi að bæta hér við að þær séu einmitt ekki sannleikurinn eða raunveruleikinn, en textarnir - eða Dagný - gefa fráleitt til kynna að átökin séu milli sjálfsblekkingar og raunveruleika, því galdur textanna er að vefa þetta svo saman að mörk milli þessara tveggja einkunna verða ekki greind. Og þótt deila megi um það hvort hægt sé í raun að rekja slóðina þannig að maður geti sagt að hér eða þar hafi mörkin máðst svona eða svona þá er óhætt að segja að í ritgerðinni takist Dagnýju að sannfæra áhugasaman lesanda um að þessi mörk hafi máðst.

Eðlishyggja og trú á orðið

Það kemur nokkuð á óvart hve sterka eðlishyggju rýni Dagnýjar leiðir fram en hún sprettur í raun af báðum meginþráðum í kenninga-

kerfi hennar, þ.e. sálgreiningu og femínisma, en þessir þræðir eru í bókinni fléttaðir mjög saman og femínisminn jafnvel leiddur af sálgreiningunni. Hin femíníska rýni hennar byggir aðallega á kenningum þriggja áhrifamikilla kvenna, Simone de Beauvoir, Juliu Kristevu og Toril Moi, sem allar beita fyrir sig sterkri tvískiptingu heimsins í það karllega og það kvenlega sem eigi í eilífri togstreitu, þótt þetta sé e.t.v. mun sterkara hjá tveim þeim síðarnefndu. Þessi tvískipting er þó ekki þeirra því hún er eingetið afkvæmi þeirrar trúar á orðið (lógósentrisma) sem þær eru sífellt að greina og gagnrýna. Sá munur er þó á að orðstrúin stimplar það kvenlega neikvætt en þær jákvætt og öfugt með það karllega. Þessi greining hentar sálgreiningarkenningum ákaflega vel enda byggir sálgreining mjög á þrískiptu fjölskyldumódeli þarsem barnið er vígvöllur þeirra tveggja afla sem stjórna heiminum, karli föður sínum og konu móður sinni, og afdrif þess öll greypt inn í þessa svikamyllu þarsem faðirinn fer ævinlega með sigur af hólmi en móðirin læðir sér inn í alla króka og kima, flæðir um alla bolla. (Á köflum lítur út fyrir að Dagný telji bókmenntafræði verða að fylgja sálgreiningu eða byggja á henni, sjá t.d. bls. 416.) Hins vegar virka þessar kenningar illa fyrir feminista sem vilja skoða stöðu kvenna útfrá öðrum mynstrum einsog t.d. kenningum M. Foucaults um valdavensl og kynhneigð, en með þeim er hugað að því hvernig konur taka virkan þátt í að framleiða valdahlutföll í samfélaginu jafnt sem í aðstæðum hversdagsins.

Ég verð að viðurkenna að ég sakna hér umræðu um nýrri fræði um kynferði og kynhneigð (og veit af þeirri gildru sem Dagný nefnir að gagnrýnendur vilji fá aðra bók en þeir hafa fengið til umsagnar). Það hefði óneitanlega verið fróðlegt að hér væri rædd sú höfnun á eðlishyggju sem er svo mjög til umræðu meðal femínista t.d. í ensku- og frönskumælandi löndum, en hún byggir hvað helst á þeim forsendum að aðstæður hversdagsins allt upp í stöðu og hlutverk í samfélaginu séu sífellt að framleiða hugverur, kynferði, kynhneigð og jafnvel sjálft kynið. Slík umræða hefði getað velt upp enn fleiri spurningum og túlkunarmöguleikum en Dagný setur fram, t.d. varðandi *Villield* sem að mati Dagnýjar er á vissan hátt hátindur í höfundarverki Ragnheiðar og þar nær klofningur hugverunnar hámarki sínu (303). Dagný nefnir tvisvar einn helsta talsmann þessara kenninga um valdavensl, kyn og kynhneigð

síðustu tuttugu árin, bandaríska femínistann Judith Butler, en tilgangur Dagnýjar með því virðist eingöngu sá að hafna kenningum hennar og það án umræðu (31 og 43). Slík jöðrun þessara fræða er mjög í samræmi við eðlishyggjuna sem textinn birtir og má því segja að Dagný sé sjálfri sér fyllilega samkvæm í þessu atriði.

Sannfærandi endurmat

Það mætti jafnvel hugsa sér að í bók sem ætluð er áhugafólki um femínisma og gefin er út í jafn litlu samfélagi og hinu íslenska þar sem „karlleg" eðlishyggja deilir og drottnar sé „eðlilegt" að snúa eðlishyggjunni á haus til að vekja kröftugar umræður um þau gildi sem hingað til hafa stjórnað (eða öllu heldur hafnað) umræðu um stöðu kvenna, um kyn og um kynhneigð. Engu að síður bendir titillinn Kona verður til bæði á þau fyrirfram mótuðu hlutverk sem bókin gagnrýnir jafnt sem þau fræði sem hún hafnar og vísar þannig öðrum þræði a.m.k. í meginatriði hinna nýju fræða, það er linnulausa verðandi sem einkenni á sjálfri veru okkar í heiminum. Slíkur ágreiningur um eðlishyggju á það þó á hættu að missa marks því að með greiningu sinni á karlveldi bókmenntafræðanna, þeirri þöggun kvenna sem það ber í sér og ekki síst með sannfærandi endurmati á textum Ragnheiðar Jónsdóttur hefur Dagný lagt fram stóran skerf til íslenskrar bókmenntasöguritunar sem mun í framtíðinni án efa nýtast hérlendum kvennarannsóknum en þær valda nú um stundir ótvírætt öflugustum hræringum í íslenskum hugvísindum.

Garðar Baldvinsson

Litteratur og kjønn i Norden

Foredrag på den XX. Studiekonferanse i International Association for Scandinavian Studies (IASS), arrangert av Institutt for litteraturvitenskap. Islands Universitet, i Reykjavík 7. - 12. August 1994.

Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan 1996. 755 bls.

Greinarnar í bókinni *Litteratur og kjønn i Norden* skiptast í ellefu kafla eftir efnisflokkum og tímabilum. Í bókinni eru 87 erindi sem fjalla um kynferði og bókmenntir frá ólíkum sjónarhornum. Í fyrsta efnisflokknum er að finna fyrirlestra sem haldnir voru fyrir alla gesti þingsins, eftir höfundana Toril Moi, Per Stounbjerg, Karin Sanders og Birgitta Holm. Í öðrum efnisflokki eru greinar um fornbókmenntir. Þar er að finna grein eftir Helgu Kress sem nefnist „Kastrasjon eller halshogging - sagalitteraturens drivkraft". Þriðji kafli nefnist 19. öldin og fjórði kaflinn salir, dagbækur og bréf. Í þeim hluta skrifar Gígja Gísladóttir greinina *„Diary of a Seducer* by Søren Kirkegaard: Cordelia, a Female Victim of Mental Seduction". Einnig geymir bókin kafla um leikhús, skáldsögur og ljóð á 20. öld og sjálfsævisögur. Undir kaflanum ljóð á 20. öld skrifar Guðrún Guðsteins greinaina „The Totality of the Female Self in Kristjana Gunnars' Wake-Pick Poems". Í kaflanum *Fin-de-siécle*, fjallar Örn Ólafsson um fyrstu nýrómantísku skáld Íslendinga. Fjölmarga fyrirlestra er að finna um bókmenntasögu og viðtökufræði í greinasafninu svo og samtíðarbókmenntir.

Bókin er alveg sérstakleg falleg og er greinilega vandað til frágangs. Það er einnig kostur fyrir lesendur bókarinnar að í lokin er að finna ítarlega nafnaskrá.

Ýmsar fréttir

Nýjar bækur

Við viljum minna á tvær nýjar bækur sem komu út í vor á vegum Rannsóknastofu í kvennafræðum. Það er hið langþráða ráðstefnurit: *Íslenskar kvennarannsóknir. Erindi flutt á ráðstefnu 1995* og 1. hefti gagnagrunns um íslenskar kvennarannsóknir með ritaskrá og útdráttum á íslensku og ensku: *Íslenskar kvennarannsóknir 1970-1997. Gagnagrunnur I. Sagnfræði.* Þær fást nú á kynningarverði á skrifstofu stofunnar í Aðalbyggingu.

Fréttabréfið

Árgjaldið fyrir fréttabréfið er enn 500 kr. Hægt er að greiða það á stofunni, senda ávísun í pósti eða leggja inn á ávísanareikning Rannsóknastofu í kvennafræðum nr. 8272 í Landsbanka Íslands, Vesturbæjarútibúi við Hagatorg. Við viljum benda á að áskrifendur sem ekki greiða árgjald fyrir árið 1997 detta út af skrá.

Dagskrá
haustmisseris 1997

Rabb um rannsóknir í og kvennafræði

Fimmtudaginn 2. október 1997 kl. 12.00 í stofu 201 í Odda
Rannveig Traustadóttir, lektor við félagsvísindadeild: *Konur í minnihlutahópum. Hvað eiga þær sameiginlegt?*

Fimmtudaginn 16. október 1997 kl. 12.00 í stofu 201 í Odda
Sigríður Vilhjálmsdóttir, þjóðfélagsfræðingur: *Hagtölur um stöðu kynja.* Kynntar verða helstu niðurstöður úr riti Hagstofu Íslands *Konur og karlar 1997.*

Anne Clyde, dósent í bókasafns- og upplýsingafræði: *Konur og internetið.*
Dagsetning auglýst síðar

Fimmtudaginn 13. nóvember 1997 kl. 12.00 í stofu 201 í Odda
Helga Kress, prófessor í almennri bókmenntafræði og forstöðumaður Rannsóknastofu í kvennafræðum: *„En ég er hér ef einhver til mín spyrði". Ljóð eftir íslenskar konur 1876-1995.*

Fimmtudaginn 27. nóvember 1997 kl. 12.00 í stofu 201 í Odda
Lilja Mósesdóttir, doktorsnemi í hagfræði við Háskólann í Manchester:
Kvennabarátta, vinnumarkaður og velferðarkerfi.

Opinberir fyrirlestrar

Fimmtudaginn 25. september 1997 kl. 17.15 í stofu 101 í Odda
Sigríður Þorgeirsdóttir, lektor í heimspeki: *Um mismun og jafnrétti í ljósi félagsmótunarhyggju Judith Butlers.*

Fimmtudaginn 23. október 1997 kl. 17.15 í stofu 101 í Odda
Þorgerður Einarsdóttir, félagsfræðingur: *Hvað veldur kynbundnu vali lækna á sérgrein?*
Um sundurleitni og kynjamismun innan læknastéttarinnar.

Fimmtudaginn 6. nóvember 1997 kl. 17.15 í stofu 101 í Odda
Annadís Greta Rúdólfsdóttir, félagssálfræðingur: *Þróun hins íslenska kvenleika.*
Fyrirlestur um doktorsritgerð þar sem skoðaðar voru minningargreinar í íslenskum blöðum á árunum 1922-1992.

Ráðstefnur 1997-1998

Upplýsingarnar eru fengnar úr *News from NIKK* 1/97.
Þær birtast hér á ensku og norðurlandamálum.

31.08 - 05.09 1997

í Kaupmannahöfn.
Libraries and Information for Human Development.
The IFLA Round Table on Women's Issues has invited speakers for a program during the 63rd IFLA Conference. Subtheme is Woman Advancing for the Future through Life-Long learning.
Upplýsingar: Leena Siitonen, LMS information Consulting, Piispalantie 8 B 4, FIN-21420 Lieto, sími: -358 2 487 7296, símbréf: +358 2 489 4849, netfang: leesii@utu.fi

22. - 23.09 1997

í Kalmar, Svíþjóð.
Från skolmamsell till enhetschef - kvinnligt ledarskap i skolan i Norden.
Konferens med anknytning till unionsjubileet kring tema Kvinnligt ledarskap i Norden och Kvinnligt ledarskap i ett historiskt perspektiv.
Upplýsingar: monica.bjorklund @gyskol.kalmar.se

26.10 - 02.11 1997

í Osló.
Women's Reproductive Health in the Nordic Countries.
Sensitive Issues and Multidisciplinary Research Methodologies. PhD-course. Information: Johanne Sundby, Medical Anthropology, P.O.Box 1130 Blindern, University of Oslo, N-0316 Oslo, sími: +47 22 85 05 90, símbréf: +47 22 85 05 98, netfang: johanne.sundby @samfunnsmed.uio.no

14. - 16.11 1997

í San Antonío í Bandaríkjunum.
Peace and War Issues: Gender, Race, Identity and Citizenship.
The program committee for the 1st international conference request proposals that examine issues of peace and war with particular attention to issues of gender, race, identity and citizenship; and papers or panels that employ comparative or interdisciplinary analysis.
Upplýsingar: Prof. Scott L. Bills, Department of History og Stephen F. Austin í State Univeristy, Nacogdoches, TX 75962, USA, sími: +1 409 468 2285, netfang: sbills@sfasu.edu

30.6 - 02.07 1998

í Melbourne í Ástralíu.
Women and Human Rights, Social Justice, and Citizenship: International Historical Perspectives.
The International for Research in Women's History conference. Conference coordinator: Professor Patricia Grimshaw, History Department, University of Melbourne, Parkville, Vic. 3052, Australia.
Upplýsingar: Diane Kirkby, History Department, La Trobe University, Bundoora, Vic. 3083, Australia, netfang: hisdek@lure.latrobe.edu.au

14. - 18.07 1998

í Sydney í Ástralíu.
Winds of Change - Women and University.
An international conference on women and the culture of universities.
Upplýsingar: Dinah Cohen, Equal Opportunity Unit, University of Technology, Sydney, sími: +61 2 330 2148, símbréf: +61 2 330 18 83, netfang: Dinah.Cohen@uts.edu.au

06. - 10.08 1998

í Boston í Bandaríkjunum.
Lessons from the Gynaeceum: Women Philosophizing - Past, Present and Future.
The 8th Symposium of the International Association of Women Philosophers. The symposium is to be held just prior to the 20th World Congress of Philosophy - PAEDEIA: Philosophy Educating Humanity. Papers on aspects of feminist philosophy are welcome.
Upplýsingar: Linda Lopez McAlister, Department of Women's Studies, HMS 413, Univeristy of South Florida, Tampa, FL 33620, USA, símbréf: +1 813 9740336.